



14. ágúst 2024

Varðar: Viðfangsefni stýrihóps um framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins hefur stofnað stýrihóp sem hefur það að markmiði að finna framtíðarstaðsetningu íþróttamiðstöðvar skotíþróttar. Í hópnum sitja fulltrúar frá svæðisskipulagsnefnd, Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, Kópavogi, Hafnarfirði, Sveitarfélaginu Ölfusi, Sveitarfélaginu Vogum, Skotíþróttasambandi Íslands og Skotveiðifélagi Íslands. Formaður stýrihópsins er Pawel Bartoszek.

Verkefni stýrihópsins er að rýna og yfirfara staðarvalskosti sem koma fram í skýrslu Eflu, dags. 21. júní 2023, og taka mið af niðurstöðu skýrslunnar um forgangsstöðu kosta (sjá yfirlitsmynd). Stýrihópnum er ætlað að meta mikilvægi matsþátta, sem var ekki gert í ofangreindri skýrslu. Við mat á mikilvægi skal skoða:

- Umhverfispætti og áhrif á nálæg svæði þ.m.t. hljóðivist, öryggi, sjónræn áhrif, útivistargildi, náttúruvernd, vatnsvernd, menningarminjar og dýralíf.
- Aðstöðu og hvernig staðhættir henti fyrir starfsemina m.t.t. samgangna, stærðar og alþjóðlegra krafna í skotíþróttum.
- Stöðu skipulags og kostnað við uppbyggingu.

Samkvæmt erindisbréfi svæðisskipulagsnefndar skal hópurninn skila einni til þremur tillögum að framtíðarstaðsetningu, sem er ráðgert að liggi fyrir í lok ársins 2024.

Stýrihópurinn hefur hafið störf og leitar eftir sjónarmiðum helstu hagaðila á verkefni stýrihópsins. Óskað er eftir sjónarmiðum um:


1. Hvort matsþættir séu fullnægjandi við staðarval (umhverfispættir, aðstaða, skipulag og kostnaður)?
2. Hugsanlegrar afstöðu til þeirra staðarvalkosta sem koma fram í skýrslu Eflu, eða annarra hugsanlegra staðsetninga.
3. Annað sem mikilvægt er að horfa til við staðarval.

Óskað er eftir að hagaðilar sendi inn ábendingar eigi síðar en 4. september nk. Senda skal ábendingar á netfangið ssh@ssh.is, merkt *Skotíþróttir*.

Vinsamlegast hafið samband við formann hópsins ef óskar er frekari upplýsinga um verkefnið, pawel.bartoszek@reykjavik.is.

Virðingarfyllt,

Pawel Bartoszek



Yfirlitsmynd af þeim níu valkostum sem lagt var til að skoða frekar skv. skýrslu Eflu.